

Fimmtudaginn 11. febrúar 1993.

Nr. 421/1992. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Gunnlaugi Þór Briem

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Tilraun til manndráps. 4. mgr. 220. gr. alm. hgl. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein, Ólöf Pétursdóttir dómstjóri og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 20. nóvember 1992 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingu.

I.

Eigi verður staðhæft, að ásetningur ákærða til að skjóta Þórð Val Gautason hafi orðið til fyrr en á þeirri stundu, er hann hleypti skoti af byssunni. Honum gat þá ekki dulist, að langlíklegast var, að bani hlytist af. Með þessari athugasemd verður sakarmat héraðsdómara staðfest og færsla brotsins til 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 20. gr. sömu laga.

II.

Ákærði skaut tveimur skotum út um glugga íbúðar sinnar í fjölmennu íbúðarhverfi, án þess að sannað verði, að hann hafi miðað á nokkurn sérstakan. Hins vegar þykir hann með þessari ófyrirleitni hafa stofnað lífi eða heilsu annarra í augljósan háska. Ber því að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að þessi háttsemi hans varði við 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Við ákvörðun refsingar þykir mega líta til þess, að Þórður Valur Gautason ögraði í sífelli ákærða, sem hörfaði undan honum upp stigann, sbr. 4. tl. 74. gr. almennra hegningarlaga. Að því athuguðu og með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms að öðru leyti

verður ákvörðun hans um refsingu ákærða staðfest. Óslitin gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 14. maí 1992 kemur dæmdri refsingu til frádráttar samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga.

IV.

Í áfrýjunarstefnu er þess ekki getið, að málinu sé áfrýjað til endurskoðunar á ákvörðun héraðsdóms um miskabætur, sbr. 1. mgr. 155. gr. og 1. mgr. 173. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Hins vegar liggur fyrir, að ákærði óskaði áfrýjunar héraðsdóms í heild sinni. Kemur hin dæmda miskabótakrafa því einungis til athugunar til lækkunar. Eins og málið liggur fyrir, þykja þó ekki efni til þess að breyta niðurstöðu héraðsdóms um bætur.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um lögmannspóknun og sakarkostnað í héraði. Þá verður ákærði dæmdur til þess að greiða áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, og kemur óslitið gæsluvarðhald ákærða, Gunnlaugs Þórs Briem, frá og með 14. maí 1992 til frádráttar dæmdri refsingu.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjands síns fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmans, 120.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Ákærði fór til móts við hinn óvelkomna gest í íbúð sinni með hlaðna og uppspennta byssu í hendi. Ætlun hans var að hrekja gestinn út úr húsinu, og er ósannað, að annað hafi vakað fyrir honum, þrátt fyrir vímuástand hans. Með tiltæki sínu stofnaði ákærði lífi mannsins í bráðan háska og líka sínu eigin, þar sem komið gat til átaka um byssuna, ef gesturinn léti ekki undan fyrir hótun ákærða og kæmist í návígi við hann. Svo fór, að gesturinn brást öndverður við hótuninni og manaði ákærða til að beita vopninu. Varð ákærði að hörfa upp stigann að íbúðinni til að forðast hann og náði ekki

yfirhöndinni. Stóðu þeir hvor gegnt öðrum á palli í miðjum stig-anum, þegar skot reið af úr byssunni á örstuttu færi og lenti í vanga mannsins. Frásagnir sjónarvotta staðfesta ekki, að gesturinn hafi stokkið að ákærða í þennan mund, en hins vegar verður ekki úti-lokað, að einhver viðbrögð hans hafi framkallað skotið. Þótt til þess sé litið, verður að álykta, þegar alls er gætt, að ákærði hafi hleypt af vitandi vits, en ekki fyrir slysi. Hafi honum jafnframt mátt vera ljóst, að langlíklegast væri, að bani hlytist af. Er það þannig niðurstaða mín eins og annarra dómenda, að ákærði sé sekur um brot gegn 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 20. gr. sömu laga.

Eftir atburðinn var ákærði miður sín og meðal annars ófær um að ná sjálfur sambandi við lögreglu, en reyndi að koma þangað boðum. Virðist hann hafa afráðið af bíða þess einn í íbúðinni, hvað verða vildi. Í þessu ástandi braut hann glugga á íbúðinni og skaut tveimur skotum út um hann, eftir að sjúkrabífreidd var komin að húsinu, eins og um ræðir í síðari lið ákærunnar. Er ég samþykkur því, að háttsemin varði við 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga.

Við ákvörðun refsingar ber að líta til þess, að ákærði framdi brot sitt gagnvart Þórði Val Gautasyni í mikilli geðæsing, sem hinn síðarnefndi var einnig valdur að með ögrunum í orðum og fram-komu, sbr. 4. tl. 74. gr. almennra hegningarlaga. Verður jafnframt að draga í efa, að hann hafi haft harðnaðan vilja til verknaðarins, sbr. 2. mgr. 20. gr. laganna. Með vísan til þessa og til aldurs ákærða og annarra aðstæðna tel ég refsingu hans hæfilega ákveðna fangelsi fjögur ár, og komi vist hans í gæsluvarðhaldi þar til frádráttar.

Ég er samþykkur niðurstöðu annarra dómenda um bótaþátt máls-ins og ákvörðun þeirra um sakarkostnað.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 28. október 1992.

Ár 1992, miðvikudaginn 28. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykja-víkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í héraðsdómsmálinu nr. S 47/1992: Ákærvaldið gegn Gunnlaugi Þór Briem, sem dómtekið var 23. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dagsettu 24. ágúst sl., á hendur „Gunnlaugi Þór Briem, fæddum 27. desember 1969, fyrir eftirgreind heg-ningarlagabrot, framin að Mávahlið 24, Reykjavík, um kl. 19.00 þriðjudag-inn 12. maí 1992:

I.

Tilraun til manndráps, en til vara stórfellda líkamsárás, með því að hafa laust fyrir kl. 19.00 í stigagangi hússins skotið úr einskota markbyssu upp í munninn á Þórði Val Gautasyni, kt. 270467-6019, Hjarðarhaga 62, Reykjavík. Byssukúlan hafnaði í vinstri kinn, en fór síðan út um eyrað og tætti þar eyrnabréjfskið með þeim afleiðingum, að Þórður Valur hlaut meiri háttar áverka. Munnvatnskirtill vinstra megin skaddaðist, sár var á kinninni innanverðri, sem mikið blæddi úr, einnig sár við munnvikið og sár framan við eyrnaganginn vinstra megin. Þórður Valur gekkst þegar undir aðgerð á Borgarspítalanum til að stöðva blæðingu í kinninni.

Telst þetta varða við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en til vara við 2. mgr. 218. gr. sömu laga, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

II.

Að hafa skömmu síðar rekið byssuhlaupið í gegnum rúðu í eldhúsinu á norðurhlíð í íbúð sinni á 2. hæð hússins og skotið tveimur skotum út, en þar á götunni fyrir neðan voru tveir brunaverðir og lækniir, sem tilkvaddir höfðu verið vegna áðurgreinds atburðar.

Telst þetta varða við 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

— — —

Málsatvik.

Um kl. 19.00 þriðjudaginn 12. maí sl. barst tilkynning til slökkviliðs um, að slasaður maður væri fyrir utan Mávahlíð 24 hér í borg. Tveir brunaverðir ásamt lækni í neyðarþjónu slökkviliðs fóru þegar á staðinn, og fyrir utan Mávahlíð 24 hittu þeir fyrir Þórð Val Gautason, er sat blóðugur á tröppum hússins. Síðar kom í ljós, að Þórður Valur hafði skotsár á vinstri vanga. Brunaverðirnir tóku strax til við að hlúa að Þórði og fá hann inn í sjúkrahúsið, en samskiptin við manninn á vettvangi gengu illa, og verður því lýst nánar síðar. Eftir skamma stund, er brunaverðirnir voru fyrir utan bifreiðina, kváðust þeir hafa heyrt skothvell eða skothvelli og annar brunavarðanna þá sagst hafa séð, hvar byssuhlaup stóð út um brotinn eldhússglugga á 2. hæð hússins, en skömmu áður hafði heyrst brot-hljóð. Er hér var komið sögu, var lögregla kölluð til, þar sem á staðnum var maður vopnaður byssu. Samkvæmt frumskýrslu lögreglunnar kom lögreglan á staðinn kl. 19.00, og var sersveit lögreglunnar einnig kölluð til, og í frumskýrslu lögreglunnar er greint frá því, að árásarmaðurinn, ákærði

í máli þessu, hafi komið út úr húsinu kl. 21.50 og þá lagst í götuna, þar sem hann var færður í handjárn og fluttur í fangageymslu.

Verður nú rakinn framburður vitna og ákærða um það, er gerðist í Mávahlið 24 þriðjudaginn 12. maí sl., en ákærði og öll vitnin voru yfirheyrð fyrir dóminum 23. þ. m.

Við dómsyfirheyrsluna kvað ákærði ekki hafa vakað fyrir sér að skjóta á Þórð Val Gautason, svo sem ákært er út af, heldur kvaðst ákærði hafa ætlað að reka manninn út úr húsinu.

Þá kvaðst ákærði ekki muna eftir því að hafa skotið út um glugga íbúðar sinnar, svo sem ákært er út af í ákærulið II.

Ákærði kveðst hafa stundað nánast samfellda óreglu frá því í febrúar á þessu ári, og dagana fyrir atburð þann, er ákært er út af, kveðst ákærði hafa stundað óreglu með Bergþóri Árnasyni. Þriðjudaginn 12. maí sl. kveðst ákærði hafa verið staddur í miðbæ Reykjavíkur og hitt þar fyrir fólk, er ákærði bauð heim til sín. Auk ákærða fóru á heimili hans í Mávahlið 24 Þórður Valur Gautason, Bergþór Árnason og Ída Harðardóttir. Ákærði kveður áfengisneyslu hafa verið haldið áfram, er komið var í Mávahliðina. Ákærði kveður síðan hafa komið að því, að Þórði Val Gautasyni hafi verið vísað á dyr, eftir að í ljós kom, að hann reyndi að stela munum frá ákærða. Ákærði kveður Bergþór Árnason hafa verið enn á staðnum, er Þórði Val var vísað á dyr, en Ída Harðardóttir hafi þá verið farin af staðnum. Ákærði kvað annan bræðra sinna áreiðanlega hafa verið á staðnum, er þetta gerðist, en ekki muna, hvort báðir bræður sínir voru þar fyrir.

Skömmu eftir að Þórði Val Gautasyni hafi verið vísað á dyr, hafi dyraþjöllur verið hringt og þeim, er hringdi, verið hleypt inn með því að opna með dyrasíma, en ekki hafi verið hægt að ræða við manninn um dyrasímann, sem hafi verið í ólagi. Ákærði kveðst hafa frétt skömmu síðar, að Þórður Valur Gautason væri þar kominn öðru sinni, og hafi hann haldið rakleiðis niður í kjallara hússins. Ákærði kveðst nú hafa farið inn í herbergi sitt, sótt þangað markbyssu og haldið með byssuna áleiðis niður í kjallarann. Ákærði kveðst hvorki muna, hvort byssan hafi verið hlaðin, er hann sótti hana, né hvort hann hlóð hana, áður en hann hélt niður í kjallarann með byssuna meðferðis. Ákærði kveðst síðan hafa séð til Þórðar Vals, er ákærði var staddur í dyrum niður í kjallarann, og kveðst ákærði ekki hafa séð Þórð Val vera með vopn eða áhald meðferðis, er hann kom upp úr kjallarannum, en ákærði kveðst áður hafa talið, að Þórður Valur hafi farið þar niður til að verða sér úti um slík áhöld. Ákærði kveðst nú hafa gengið aftur á bak og upp á millistigapall og Þórður Valur gengið á eftir ákærða þessa leið, og Þórður Valur hafi þá stöðugt hrópað að ákærða: „Dreptu mig, skjóttu mig.“ Ákærði kveðst hafa beðið Þórð Val að verða á brott úr húsinu, en hann ekki sinnt því. Ákærði kveðst ekki muna eftir því, að

aðrir en ákærði og Þórður Valur hafi verið á stigaganginum, er þessir atburðir urðu. Ákærði kveður ekki hafa komið til greina að kasta frá sér byssunni á þessu stigi, því að ákærði taldi vist, að þá myndi Þórður Valur grípa til byssunnar. Ákærði kveðst hafa hörfað undan Þórði Val upp á millistigapall, og alla þá leið kveðst ákærði hafa beint byssunni að Þórði Val, en aldrei á þessari leið hafa stutt fingri á gikk byssunnar, heldur haldið vísifingri á járn, er umlykur gikkinn. Er ákærði var kominn upp á millistigapallinn, kveður hann Þórð Val hafa stokkið á sig, og við það hafi skotið hlaupið úr byssunni. Ákærði mundi ekki eftir því, hvenær hann spennti upp sívalning aftan á byssunni, svo að unnt væri að skjóta úr henni. Ákærði var spurður að því, hvort ekki hefði verið nóg að beina byssunni að Þórði Val án þess að spenna upp sívalninginn aftan á byssunni. Ákærði kveðst ekki geta svarað þessu. Ákærði var þá spurður að því, hvort hann hefði verið búinn að taka ákvörðun um að skjóta Þórð Val, er hann spennti byssuna upp, svo sem rakið hefur verið. Ákærði kveðst ekki geta lýst atburðum nánar en að framan er rakið, en atburðarás hafi verið mjög hröð, og þá hafi ákærði verið í mikilli áfengis- og fíkniefnavímu.

Er ákærði var spurður að því, hvort hann hefði á einhverju tímamarki tekið ákvörðun um að skjóta á Þórð Val, kvaðst ákærði hafa talið, að um tvo kosti hefði verið að ræða. Annar var sá, að Þórður Valur gengi frá ákærða, eða að ákærði brygðist við á þann hátt að kasta frá sér byssunni og taka á móti Þórði Val af öllu afli.

Ákærði kvaðst muna að hafa fyrirskipað bræðrum sínum að hverfa af heimilinu, en ákærði mundi ekki, hvenær í atburðarásinni hann gaf þessa fyrirskipun. Er ákærði var spurður, hvort ekki hefði komið til greina að fá aðstoð bræðra sinna við að koma Þórði Val út úr húsinu, tók ákærði fram, að hann hefði ekki munað eftir bræðrum sínum á vettvangi á þeim tíma, er skotið reið af.

Ákærði kvaðst ekki geta lýst nánar en að framan greinir innbyrðis afstöðu sinni og Þórðar Vals, er skotið reið af. Strax eftir skotið kvaðst ákærði hafa haldið upp í íbúð sína og hringt og aflað upplýsinga um símanúmer lögreglu, en ákærði kvaðst ekki hafa munað símanúmer lögreglunnar, en Þórður Valur legið sár eftir á stigapallinum.

Ákærði kvaðst hafa hlaðið byssu sína á ný inni í baðherbergi íbúðarinnar, og þá hefði hlaupið skot úr byssunni. Ekki mundi ákærði, hvort hann hlóð byssuna oftast en í þetta skipti. Ákærði kvaðst telja líklegast, að tóm skoðhyliki, er fundust í baðherbergi, í skála og í herbergi ákærða, svo og hlaðið skot, er fannst á baðherbergisgólfi, hefðu dottið úr vasa sínum, en ákærði kvaðst iðulega ganga með skot á sér. Ekki mundi ákærði eftir því að hafa notað þau skoðhyliki, er fundust á vettvangi 12. maí sl.

Ákærði kvaðst muna eftir því að hafa brotið eldhússrúðu með byssunni, en ekki vita, í hvaða tilgangi hann braut rúðuna. Ákærði mundi ekki eftir því að hafa hleypt af skoti út um eldhússgluggann. Ekki kvaðst ákærði muna eftir því að hafa séð fólk á ferli á götunni fyrir utan, hvorki Þórð Val Gautason né aðra.

Vitnið Þórður Valur Gautason, Hjarðarhaga 62, Reykjavík, bar fyrir dóminum að hafa drukkið sex bjóra að morgni 12. maí sl. og um miðjan þann dag hafa hitt ákærða í miðbæ Reykjavíkur. Þórður lýsti efnislega á sama veg og ákærði för sinni, Bergþórs Árnasonar og Ídu Harðardóttur á heimili ákærða að Mávahlið 24, en áður en haldið var þangað, hefði verið keypt vodkaflaska og drykkju verið haldið áfram, er komið var í Mávahlið 24, og ekki muna betur en ágætlega hefði farið á með fólkinu á staðnum. Þá hefði ákærði boðið fólkinu amfetamín til neyslu á staðnum, en efnið hefði verið „lélegt“ að sögn Þórðar. Auk þess hefði Ída Harðardóttir boðið fólkinu lyf, er hún hafði meðferðis, og kvaðst Þórður hafa tekið þrjár töflur af lyfinu, er boðið var. Þórður kvaðst muna eftir sér á staðnum leikandi á gítar í herbergi ákærða, en síðar orðið mjög ölvaður og farið í svokallað „black out“-ástand. Þórður kvað sér hafa verið vísað á dyr, en kvaðst ekki muna eftir því að hafa verið sakaður um að stela munum úr eigu ákærða. Þórður kvaðst ekkert muna, eftir að hann fór í svokallað „black-out“-ástand, utan það, er hann horfði í byssuhlaup, er beint var að sér í u. þ. b. eins metra fjarlægð, og að hafa þá verið staddur á stigapalli milli hæða í húsinu. Ekki mundi Þórður eftir öðrum á vettvangi en þeim ákærða. Þórður mundi ekki eftir því, að ákærði hefði beðið sig að verða á brott úr húsinu, og taldi Þórður óhugsandi, að hann hefði skorad á ákærða að skjóta sig. Næst kvaðst Þórður muna eftir sér sitjandi á útidyratröppum, þar sem sér blæddi mikið, en ekki muna eftir lækni eða sjúkraliðum á vettvangi og ekki muna eftir því að hafa heyrt skothvelli, er hann var staddur fyrir utan Mávahlið 24.

Þórður kvaðst enn bera ummerki eftir skotárásina og kvað bingu vera á vinstri vanga og í því sambandi nýlega hafa leitað til lýtalæknis. Þá kvaðst Þórður hafa verið til meðferðar u. þ. b. hálfan annan mánuð á Borgarspítala til að laga munnvatnskirtla. Þá kvað Þórður kúlu eða hnúð vera á vinstri vanga sér og ekki vita, af hverju hún stafi. Þá eru sýnileg ummerki eftir skotið á eyra Þórðar.

Vitnið Birnir Kristján Briem, Æsufelli 6, Reykjavík, kvaðst hafa verið statt á heimili sínu að Mávahlið 24 hér í borg 12. maí sl., er ákærði, bróðir vitnisins, kom þangað ásamt fleira fólki. Birnir kvað fólkið hafa haldið inn í herbergi ákærða og þar sest að drykkju, en Birnir kvaðst hafa verið frammi í eldhúsi og ekki veitt því sérstaka athygli, hvað fram fór inni í

herberginu. Birnir kvað fólkið, er kom með ákærða, hafa tekið að hverfa á brott u. þ. b. hálfri til einni klukkustund eftir komu. Birnir kvaðst muna eftir því, að Þórður Valur Gautason hefði verið orðinn mjög ölvaður, og hefði hann ætlað að stela muni úr eigu ákærða og halda með hann á brott, og þá hefði hann verið farinn að hella niður áfengi á staðnum. Birnir kvaðst telja, að ákærði hefði fyrirskipað, að Þórði Val skyldi komið út úr húsinu. Birnir kvað í fyrstu engin átök eða illindi hafa orðið, er Þórði Val var vísað á dyr, en hann hafa orðið æstan, er borinn var á hann þjófnaður.

Nokkrum mínútum eftir, að Þórður Valur fór úr íbúðinni, kvað Birnir dyrabjöllur hafa verið hringt, og hefði þeim, er úti stóð, verið hleypt inn, en þar sem dyrasíminn hefði verið bilaður, hefði ekki verið hægt að ræða við þennan mann um dyrasímann. Birnir kvaðst hafa talið, að Þórður Valur Gautason væri kominn þar öðru sinni, en maðurinn hélt rakleitt niður í kjallara hússins. Birnir kvaðst telja, að kallað hefði verið til mannsins í kjallaranum af stigapalli fyrir utan íbúð ákærða á 2. hæð hússins og mannum skipað að koma sér út úr húsinu. Birnir kvað engin viðbrögð hafa orðið við þessu, en mikill gauragangur og hávaði hefði borist frá kjallaranum. Birnir kvaðst nú hafa farið niður á stigapall við útidyr nánast samferða ákærða og þá séð, hvar ákærði hafði byssu meðferðis, en ekki hafa vitað, hvort byssan hefði verið hlaðin. Birnir kvað ákærða hafa greint sér frá því, að Þórður Valur væri undir áhrifum lyfja, og því kynni að vera varasamt að beita hann ofbeldi, og því hafi ekki komið til greina að sögn Birnis, að þeir bræður kæmu Þórði Val sameiginlega út úr húsinu með valdi. Birnir kvað ákærða á þessari stundu sýnilega hafa verið undir einhvers konar áhrifum og hann verið æstur í skapi. Birnir kvað ákærða hafa hörfað undan Þórði Val upp á millistigapall og bilið milli ákærða og Þórðar Vals verið innan við hálfur metri að sögn Birnis. Á þessari leið hefði ákærði skipað Þórði Val að fara út úr húsinu. Birnir kvaðst hafa staðið fyrir neðan Þórð Val, og á þessari leið hefði ákærði beint byssunni að Þórði Val, sem hefði verið orðinn mjög æstur og sífellt manað ákærða að skjóta. Birnir kvað ákærða hafa beint byssunni að höfði Þórði Val í u. þ. b. 10 sekúndur, áður en skotið reið af. Birnir kvaðst ásamt Eggerti, bróður sínum, strax hafa farið á brott eftir þetta og ekki vita, hvað fram fór eftir þetta.

Birnir kvað ekki koma til greina, að skot, er fannst við leit í baðherbergi, og skothylki, er þar fundust, svo og skothylki í skála og eldhúsi hefðu legið á þessum stöðum í einhvern tíma, heldur hlytu þau að hafa komið til 12. maí sl.

Vitnið Eggert Eggertsson Briem, Æsufelli 6, Reykjavík, bróðir ákærða, kvaðst hafa komið heim úr vinnu um kl. 17 12. maí sl., en á þeim tíma hefðu Eggert, Birnir, bróðir sinn, og ákærði búið í Mávahlið 24. Eggert kvað Birni, bróður sinn, hafa verið heima, er hann kom úr vinnunni, svo

og ákærða, og hjá honum hefði verið fólk, þrjár eða fjórar manneskjur. Eggert kvaðst muna vel eftir einum þessara aðila, og heiti sá Þórður Valur, og hefði hann verið ráfandi um íbúðina ölvaður og hellt þar niður áfengi. Eggert kvaðst hafa gefið ákærða hálfrar klukkustundar frest til að koma þessum manni út úr íbúðinni. Eggert kvað engin átök eða rifrildi hafa orðið milli fólksins í íbúðinni, ekki fyrr en að því kom að koma Þórði Val út úr húsinu, en hann hefði áður reynt að stinga á sig munum í íbúðinni. Eggert kvað manninn hafa farið út ásamt öðru fólki. Eggert kvað þá bræður þá hafa verið eftir í íbúðinni ásamt Bergþóri Árnasyni.

Nokkrum mínútum síðar kvað Eggert dyrabjöllu hafa verið hringt, og hefði þeim, er úti stóð, verið hleypt inn, án þess að rætt væri við hann. Næst hefði ákærði farið niður til að athuga, hver væri þar á ferð, og kvaðst Eggert telja Birni, bróður sinn, og Bergþór Árnason einnig hafa farið niður sömu erinda. Eggert kvaðst ásamt ákærða, Birni og Bergþóri hafa beðið Þórð Val með góðu að verða á brott úr húsinu, en hann ekki sinnt því, en Þórður Valur hefði verið undir áhrifum áfengis og vímuefna. Eggert hefði að mestu haldið sig inni í íbúðinni, en öðru hverju farið fram á stiga-pall að athuga, hvað gengi á, og í einni ferðinni séð ákærða með byssuna í höndum og ákærði þá verið staddur á millistigapalli, en Þórður Valur og Birnir hefðu verið við útidyr. Eggert vissi ekki, hvort ákærði fór með byssuna niður í upphafi eða hvort hann sótti hana síðar. Eggert kvað ákærða hafa beint byssunni að Þórði Val og mest að höfði honum og Þórður Valur gengið í átt að ákærða og í sífellu viðhaft þau ummæli, hvort ákærði ætlaði ekki að skjóta sig, hvort hann þyrði ekki að skjóta sig, og annað í þeim dúr. Ekki kvaðst Eggert hafa vitað, hvort byssan hefði verið hlaðin. Eggert kvaðst hafa talið ákærða hafa byssuna til að koma sér upp falskri vörn og ekki hafa trúað því, að ákærði myndi nota byssuna, ekki fyrr en rétt áður en skotið reið af í stigaganginum. Eggert kvaðst hafa verið orðinn mjög hræddur um það, að ákærði þyldi ekki þá spennu, sem myndast hafði í stiganum, og að skoti kynni að verða hleypt af, þótt Eggert hefði hvorki vitað, að byssan var hlaðin, né að hún hefði verið spennt. Síðast kvaðst Eggert hafa séð til ákærða og Þórðar Vals, áður en skotið reið af, er þeir stóðu kyrrstæðir hvor andspænis öðrum á stigapallinum og ákærði miðaði byssunni á höfuð Þórði Val. Eggert var í eldhúsi, er skotið reið af. Strax eftir þetta hefði ákærði skipað Eggerti og Birni að yfirgefa staðinn, sem þeir gerðu, og vissi Eggert ekkert um það, er síðar gerðist.

Eggert kvað óhugsandi, að skot og skothylki, er fundust í baðherbergi, eldhúsi og skála íbúðarinnar, hefðu verið þar, er Eggert fór að heiman. Þessir hlutir hefðu áreiðanlega komið til, eftir að Eggert fór af heimilinu, og sömuleiðis skotfar á vegg í skála, en öðru máli gegni um tvö tóm skot-

hylki, er fundust í herbergi ákærða, en um það gat Eggert ekki fullyrt, enda kvaðst hann sjaldan hafa farið þar inn.

Vitnið Bergþór Árnason, Njálsgötu 72, Reykjavík, kvaðst hafa stundað óreglu með ákærða dagana næst á undan 12. maí sl. Þann dag kvaðst Bergþór hafa verið staddur í miðbænum ásamt ákærða, og lýsti Bergþór efnislega á sama veg og ákærði ferð þeirra félaga og fleira fólks á heimili ákærða, þar sem áfengisdrykkju var haldið áfram, svo og hefði verið neytt fíkniefna á staðnum. Bergþór kvað ekkert ósamkomulag hafa verið, fyrr en Bergþór kvaðst hafa séð til Þórðar Vals Gautasonar reyna að stela hlut frá ákærða. Er hér var komið sögu, hefði verið ákveðið að koma Þórði Val út úr húsinu, enda hann orðinn mjög ölvaður og ruglaður, eins og Bergþór orðaði það. Nokkrum mínútum eftir, að Þórður Valur hvarf úr húsinu, hefði dyrabjöllu verið hringt, og hefði þeim, er hringdi, verið hleypt inn, án þess að við hann væri rætt, og hefði Þórður Valur Gautason haldið rakleitt niður í kjallara, en annar bræðra ákærða séð, hver það var, sem kom inn, og eftir það hefðu allir á staðnum vitað, hver þar var á ferð. Bergþór kvaðst ekki muna eftir því, að kallað hefði verið til mannsins og hann beðinn að koma sér út úr húsinu. Næst kvaðst Bergþór muna eftir því, að ákærði greip til byssu og fór áleiðis niður. Bergþór kvaðst hafa séð ákærða sækja byssuna inn í fataskáp í herbergi sinu og sótt skot í skrifborðsskúffu. Ákærði hefði síðan hlaðið byssuna og stungið skotum í vasa sinn. Bergþór kvaðst hafa spurt ákærða að því, hvað hann ætlaði að gera, og hefði ákærði svarað því til, að hann ætlaði að hræða Þórð Val út úr húsinu. Bergþór kvaðst hafa séð ákærða fara inn um dyr niður í kjallara, en skömmu síðar komið aftur upp og Þórður Valur á eftir. Ákærði hefði þessu næst hörfað undan Þórði Val áleiðis upp á millistigapall, og alla þá leið hefði ákærði miðað byssunni á Þórð Val, ýmist á höfuð eða annars staðar, en skömmu áður en skotið hljóp af, hefði ákærði miðað byssunni á höfuð Þórði Val. Bergþór kvað ákærða hafa reynt með góðu að fá Þór Val til að yfirgefa húsið og í því sambandi talað blíðlega til hans, en án árangurs. Bergþór kvað Þórð Val hafa viðhaft ummæli, er Bergþór kvaðst hafa talið tómmt rugl, og viðhaft þau ummæli, að ákærði skyldi skjóta sig, og þá hafi hann viðhaft niðrandi ummæli um móður ákærða. Er þeir ákærði og Þórður Valur voru komnir upp á millistigapall, hefði Þórður Valur gengið ákveðið að ákærða og Þórður Valur þá verið illvígur á svip og reiður. Þórður Valur hefði aldrei stokkið að ákærða. Er hér var komið sögu, hefði ákærði verið orðinn mjög æstur, og er skotið hljóp úr byssunni, hefði ákærði verið tryllingslegur á svipinn. Báðir hefðu verið kyrrstæðir, er skotið reið af, en ákærði otað byssunni móti Þórði Val og hann snúið höfðinu frá og til hliðar í sömu andrá og skotið reið af. Bergþór kvaðst ekki hafa séð ákærða hafa fingurinn á gikk byssunnar og því ekki

geta fullyrt um það, hvernig það vildi til, að skotið hljóp úr byssunni. Þórður Valur hefði strax fallið í stigann og Bergþór þegar komið sér af vettvangi og ekkert vita um það, sem fram fór síðar. Bergþór kvaðst hafa verið ölvaður og undir áhrifum vímuefna á staðnum.

Bergþór mundi ekki eftir því að hafa séð, meðan á dvöl hans í íbúðinni stóð, skothylki þau, er fundust í íbúðinni við leit.

Vitnið Sævar Þorbjörn Jóhannesson lögreglufulltrúi kom fyrir dóminn, en Sævar var meðal þeirra, sem rannsökuðu vettvang í Mávahlíð 24 eftir atburði þá, er lýst hefur verið. Sævar kvað öruggt, að ekki hefði verið heilt skot í byssunni, er lögreglan lagði hald á, en mundi ekki, hvort í byssunni hefði verið tóm skothylki.

Sævar kvað líklegt, að brotin eldhússrúða í íbúð ákærða hefði að hluta verið eftir byssukúlu, en brotið kunni að öðru leyti að stafa af öðrum orsökum.

Sævar kveðst ekki vita, hve byssa sú, er hald var á lagt á vettvangi, sé hættuleg mönnum af löngu færi, en fullvíst sé, að byssan sé lífshættuleg mönnum, ef skoti er hleypt af úr íbúð á 2. hæð húss og niður á götu fyrir utan.

Vitnið Kristján Hallgrímur Kristjánsson rannsóknarlögreglumaður rannsakaði byssu þá, er lagt var hald á. Kristján kvað almennt þurfa frá tveimur og upp í þriggja og hálfis pundis gikkátak til að skjóta úr byssu. Gikkátak byssunnar, er lagt var hald á, sé þrjú og hálf pund, og gikkátak, er þurfi til að skjóta úr þessari byssu, sé því í efri kantinum.

Kristján kveðst telja líklegt, að byssa sú, er hér um ræðir, sé lífshættuleg fólki, ef skotið er af 2. hæð húss og niður á götu, en hættueiginleikarnir fari þó eftir ýmsu, svo sem því, hvers konar skot og byssukúlu sé um að ræða, hleðslu þeirra og hvar kúlan lendi.

Kristján kveðst ekki vita til þess, að sérstaklega hafi verið rannsakað á vettvangi, hvort eins konar gat á brotinni eldhússrúðu hafi verið eftir byssukúlu. Kristján skoðaði ljósmynd af brotnu rúðunni og kvaðst telja líklegra, að brotið væri eftir eitthvað annað en byssukúlu.

Vitnið Árni Örn Stefánsson brunavörður lýsti því, er það kom á vettvang í Mávahlíð 24 12. maí sl. ásamt samstarfsfólki sínu á neyðarbifreið slökkviliðs. Er komið var á vettvang, hefði blóðugur maður setið á tröppum hússins og maðurinn fengist til að koma inn í sjúkrabifreiðina til aðhlynningar. Maðurinn hefði skömmu síðar rokið á dyr og viljað fá kunningja sinn með sér. Er Árni fór þá út úr sjúkrabifreiðinni ásamt félaga sínum, Jóhanni Pétri Jónssyni, kvaðst Árni hafa heyrt einn skothvell, en örskömmu áður hafa heyrt brothljóð frá 2. hæð hússins, en Jóhann Pétur hefði greint sér frá því, að um skothvell hefði verið að ræða. Árni kvaðst hafa litið upp og séð móta fyrir manni fyrir innan. Árni kvaðst ekki hafa skoðað vettvang

sérstaklega til að leita að ummerkjum eftir skot, en síðar hafa skoðað hlið sjúkrabifreiðarinnar í þessu skyni, en engin ummerki fundið eftir byssuskot. Strax eftir skothvellið hafi þeir Jóhann Pétur haldið hlémegin við sjúkrabifreiðina og áfram reynt að fá hinn slasaða inn í bifreiðina.

Er skothvellurinn heyrðist, kvaðst Árni hafa verið staddur við tröppur hússins nr. 24 við Mávahlið, undir glugganum, er brotinn var, en sjúkrabifreiðinni hafði verið lagt við tröppur hússins. Læknir sá, er var með í för, hefði á þessari stundu verið inni í sjúkrabifreiðinni.

Vitnið Jóhann Pétur Jónsson brunavörður lýsti ferð sinni að Mávahlið 24 12. maí sl., en útkall hafði borist á slökkvistöð rétt fyrir kl. 19. Er komið var að Mávahlið 24, hefði alblóðugur maður setið á tröppum hússins. Jóhann Pétur kvað slasaða manninn alls ekki hafa verið viðræðuhæfan, en maðurinn þó fengist til að koma inn í sjúkrabifreiðina. Maðurinn hefði síðan viljað fá vin sinn með og þá rokið á dyr. Jóhann Pétur kvaðst þá hafa farið út og reynt að róa hinn slasaða, sem hafi verið mjög æstur í skapi, og reynt að fá hann inn í sjúkrabifreiðina að nýju. Næst hefði heyrst barið í rúðu og skömmu síðar brothljóð og svo skothvellur og annar örskömmu síðar. Jóhann Pétur kvaðst þá hafa litið upp með húsinu og þá séð byssuhlaup út um brotna rúðu á annarri hæð hússins. Er þetta gerðist, hefði Jóhann Pétur verið staddur húsmegin við sjúkrabifreiðina ásamt Árna Erni Stefánssyni, samstarfsmanni sínum, og hinum slasaða. Læknirinn, er einnig var á vettvangi, hefði verið inni í sjúkrabifreiðinni. Jóhann Pétur kvaðst hafa reynt að færa bifreiðina, en ekki tekist nema u. þ. b. hálfa bíllengd, þar sem hinn slasaði hefði hangið á spegli bifreiðarinnar og því of mikil áhætta að aka lengra. Jóhann Pétur og Árni Örn hefðu þá tekið sér stöðu hlémegin við sjúkrabifreiðina og áfram reynt að lokka hinn slasaða inn í bifreiðina, sem hafi tekist, en hann enn farið út úr bifreiðinni og hlaupið niður Mávahliðina. Kallað hafi verið á lögreglu til aðstoðar.

Niðurstöður.

I.

Dómurinn telur sannað með framburði ákærða, sem studdur er öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi haldið á markbyssunni, er skotið hljóp úr henni í stigagangi hússins nr. 24 við Mávahlið 12. maí sl. Hafnað er framburði ákærða um það, að Þórður Valur Gautason hafi stokkið á ákærða á stigapallinum og við það hafi skot hlaupið úr byssunni, enda bendir vitnaframburður Birnis Briem og Bergþórs Árnasonar eindregið til annars. Dómurinn telur sannað með framburði vitnisins Bergþórs Árnasonar, að ákærði hafi hlaðið byssuna, áður en hann hélt með hana áleiðis niður í kjallarann, og sömuleiðis tekið með sér skot, en ákærði hefur borið, að

hann muni ekki, hvort hann hlóð byssuna eða hvort byssan hafi verið hlaðin, er hann sótti hana í herbergi sitt.

Vitnið Kristján Hallgrímur Kristjánsson rannsóknarlögreglumaður hafði byssuna meðferðis, er hann kom fyrir dóminn. Kristján sýndi í réttinum, hvernig byssan er hlaðin, hvernig hún er spennt upp, svo að unnt sé að hleypa úr henni skoti, hversu stífur gikkurinn er o. fl. Dómari, sækjandi og verjandi meðhöndluðu allir byssuna í réttinum við leiðsögn Kristjáns. Kristján sýndi fram á það, að ekki væri nóg að hlaða byssuna skoti, til að unnt væri að skjóta úr henni. Til að það sé unnt, þarf einnig að spenna upp sívalning aftan á svokölluðu húsi byssunnar. Sívalningur þessi er dreginn aftur, þar til hann læsist, og þá fyrst er unnt að skjóta úr byssunni. Þessi sívalningur er þannig úr garði gerður, að nokkurt átak þarf til að spenna hann aftur, og að mati dómsins er loku fyrir það skotið, að hann spennist aftur fyrir slysi eða af tilviljun. Sá, sem ætlar að skjóta úr byssunni, verður því ávallt að spenna þennan sívalning, eftir að hann hefur hlaðið byssuna skoti, en ákærði hefur borið, að hann muni ekki, hvenær hann spennti sívalninginn aftan á byssunni.

Í læknisvottorði Þórðar Vals Gautasonar, dagsettu 14. júlí sl., segir m. a., að Þórður Valur Gautason hafi komið á slyshadeild Borgarspítalans kl. 22.00 12. maí sl. Þórður hafi við komu verið við fulla meðvitund, en mjög æstur, en „áttaður á“ stað og stund.

Skoðun leiddi í ljós, að hann var með skotsár vinstra megin í andliti og vinstri kinn mikið bólgin vegna blæðingar. Sár var við vinstra munnvik, vinstra megin neðan við og framan við munnvikið. Einnig var sár inn í munninn á kinninni innanverðri vinstra megin, og var það rétt framan við og neðan við útfærsluganginn fyrir munnvatnskirtilinn eða glandula parotis. Mikil blæðing var úr því sári. Síðan var sár framan við eyrnaganginn vinstra megin, og hafði það skaddað eyrnabréjfskið sem er framan við eyrnaganginn. Lítils háttar blæðing var úr því sári svo og úr sári, sem var framan við vinstra munnvik. Röntgenrannsókn, sem gerð var strax eftir komu, sýndi, að ekki var um nein brot á andlitsbeinum að ræða. Þórður Valur hafi strax verið tekinn til aðgerðar til þess að stöðva fyrrgreinda blæðingu, sem var í kinninni. Síðan lagðist hann inn á gjörgæsludeild Borgarspítalans og var síðar fluttur á háls-, nef- og eyrnadeild Borgarspítalans. Mikil blæðing hafi orðið í kinninni og safnast mikið blóð þar, sem smám saman minnkaði. Kom þá í ljós, að ekki virtist vera um neina áverka á afлтаug andlitsins vinstra megin að ræða. Hins vegar mun útfærslugangur fyrir munnvatnskirtilinn, glandula parotis, hafa skaddast, og töluvert mikil munnvatnssöfnun varð í kinninni í fyrstu eftir áverkann, en hún hjaðnaði síðan smám saman.

Í niðurlagi læknisvottorðsins segir: „Það vottast, að áverkinn hefur getað

hlotist á þann hátt, sem Valur Gautason hefur lýst. Áverkinn telst meiri háttar og sköddun orðið á munnvatnskirtli vi. megin. Mikil blæðing var samfara áverkanum. Líklegt er, að um framtíðarmein á vi. kinn og munnvatnskirtli vi. megin verði að ræða, þótt ekki sé hægt að úrskurða um það endanlega á þessari stundu.“

Páll M. Stefánsson læknir, háls-, nef- og eyrnadeild Borgarspítalans, skrifaði vottorðið.

Ákærði sótti byssuna og skotfæri í herbergi sitt, áður en hann hélt niður í kjallarann eða á neðri hæð hússins, hann hlóð byssuna, spennti upp sívalninginn aftan á byssunni og miðaði byssunni hlaðinni og uppspenntri sífellt að Þórði Val Gautasyni áleiðis frá dyrum niður í kjallara og upp á millistigapall. Með þetta í huga telur dómurinn að engu hafandi framburð ákærða þess efnis, að hann hafi ekki ætlað að skjóta Þórð Val, heldur hafi skotið hlaupið úr byssunni við það, að Þórður Valur stökk á ákærða, enda bendir vitnaframburður til annars, svo sem rakið var. Vitni hafa borið, að ákærði og Þórður Valur Gautason hafi staðið hvor andspænis öðrum á stigapallinum, er skotið reið af, og stutt bíl hafi verið á milli þeirra, og Þórður Valur hafi sveigt höfuðið upp og til hliðar, og kemur þessi lýsing, að því er dómurinn telur, heim og saman við áverka, er Þórður Valur hlaut. Dómurinn telur ekki unnt að fullyrða nákvæmlega, hvenær ásetningur hafi vaknað hjá ákærða að skjóta Þórð Val, en sá ásetningur hafi áreiðanlega verið fyrir hendi, er skotið reið af, og miðað við undirbúning og lýsingu hér að framan er líklegast, að ásetningurinn hafi komið til nokkru áður, jafnvel á þeirri stundu, er ákærði sótti byssuna í herbergi sitt og hlóð hana og hélt með hana niður á neðri hæð hússins. Það að skjóta úr byssu í höfuð manni, svo sem ákærði gerði, er þvílíkur verknaður, að ákærða gat ekki dulist, að langlíklegast var, að bani hlytist af. Tilviljun virðist hafa ráðið því, að svo fór ekki. Með vísan til þessa og þess, sem rakið hefur verið að framan, telur dómurinn sannað, að ákærði hafi gerst sekur um manndrápstilraun, og varðar brot ákærða við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II.

Ákærði kvaðst muna eftir því að hafa brotið eldhússrúðu með byssunni, en mundi ekki, í hvaða tilgangi, og mundi ekki eftir því að hafa skotið út um eldhússluggann, og mundi ekki heldur eftir því að hafa séð fólk á ferli á götunni fyrir utan.

Svo sem vitnaframburður ber með sér, telur dómurinn sannað, að skot þau og skothylki, er fundust í íbúðinni við leit, hafi komið til, eftir að ákærði varð einn í íbúðinni, og fær þetta m. a. stuðning af framburði ákærða. Þetta bendir ásamt öðru til þess, að ákærði hafi meðhöndlað byss-

una í íbúðinni eftir atburð þann, er um getur í ákærulið I, enda hefur ákærði borið, að skot hafi hlaupið úr byssunni í íbúðinni.

Með vísan til þessa og með vísan til vitnaframburðar brunavarðanna, er komu á vettvang og heyrðu skothvelli og annar þeirra sá auk þess byssu-hlaupið standa út um brotna rúðuna, og loks með vísan til gagna málsins að öðru leyti telur dómurinn nægilega sannað, að ákærði hafi skotið tveimur skotum út um gluggann, svo sem ákært er út af. Á götunni fyrir neðan voru tveir brunaverðir og Þórður Valur Gautason, en ákæran tekur ekki til hans, en lækknirinn var staddur inni í sjúkrabífreiðinni.

Ákærði var bæði ölvaður og undir áhrifum fíkniefna, er atburður þessi varð, og hafði, svo sem gögn málsins bera með sér, litla eða enga stjórn á sér. Það að skjóta tveimur skotum út um gluggann með byssunni var til þess fallið að stofna lífi eða heilsu brunavarðanna tveggja í hættu og sömuleiðis læknisins, þótt hann hafi verið inni í bifreiðinni, en mjög stutt vegalengd er úr glugganum á 2. hæð hússins og niður á götu fyrir framan húsið. Þessi háttsemi ákærða þykir varða við 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Ákærði er því sakfelldur fyrir alla þá háttsemi, er honum er gefin að sök í ákæru.

Ákærði hefur undirgengist geðheilbrigðisrannsókn, og gerði Hannes Pétursson geðlæknir rannsóknina. Í ályktun geðlæknisins segir m. a. svo: „Að mati undirritaðs er Gunnlaugur Þór Briem ekki haldinn formlegri geðveiki (psychosis) né greindarskort. Hins vegar greinast merki um alvarlega efnafíkn og áfengissýki. Sömuleiðis bendir lífsferill Gunnlaugs til persónuleikatrufana, sem m. a. hafa lýst sér í skapgerðarrestum, hegðunarvandkvæðum allt frá barns- og unglingsárum og óreglulegri skóla- og atvinnusókn.“ Í lok skýrslu geðlæknisins segir loks: „Verði Gunnlaugur fundinn sekur um þennan verknað, er því líklegt, að framangreindir skapgerðarrestir samfara mikilli efnavímu hafi leitt til skertrar sjálfstjórnar og hvatvíslegra viðbragða af hans hálfu. Verður því að telja líklegt, að dómgreind Gunnlaugs hafi verið sljóvguð vegna framangreindrar efnavímu, þegar atburðurinn varð. Hins vegar hafa ekki greinst merki um geðræna kvilla aðra en framangreindar persónuleikatrufanir og efnafíkn, og verður því að álykta, að raunveruleikamat og dómgreind Gunnlaugs Þórs Briem sé með þeim hætti, að hann teljist sakhæfur.“

Í skýrslu geðlæknisins og fyrir dóminum kom fram, að ákærði hefur átt við vímuefnavandamál að stríða í mörg ár og uppeldisskilyrði ákærða voru mjög erfið, en ákærði missti báða foreldra sína ungur að árum.

Ákærði var í mikilli fíkniefnavímu, er atburðirnir gerðust, en það leysir ákærða ekki undan refsíabyrgð, sbr. 17. gr. almennra hegningarlaga. Hið

sama á við um Þórð Val Gautason, en auk áfengisneyslu hafði ákærði boðið gestum sínum upp á amfetamín til neyslu.

Dómurinn telur ákærða sakhæfan, og ber hann fulla ábyrgð á gerðum sínum.

Ákærði gekkst undir dómsátt fyrir fíkniefnabrot á árinu 1991 og hefur ekki hlotið frekari refsingu. Refsing ákærða er hér ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga.

Með vísan til alls ofanritaðs þykir refsing ákærða hæfilega ákvörðuð fangelsi í fimm ár. Ákærði var úrskurðaður í gæsluvarðhald 14. maí sl. og hefur setið í gæsluvarðhaldi óslitið síðan. Með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga skulu þessir gæsluvarðhaldsdagar koma að fullu til frádráttar dæmdri refsivist.

Guðný Björnsdóttir hdl. gerir þá kröfu f. h. Þórðar Vals Gautasonar, að ákærði verði dæmdur til að greiða honum 600.000 kr. í miskabætur. Þá er krafist lögmansþóknunar, 46.930 kr., auk 24,5% virðisaukaskatts, 11.498 kr., og dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25, 1987, frá 17. ágúst 1992 til greiðsludags.

Ákærði hefur mótmælt kröfunni og verjandi hans aðallega krafist sýknu af kröfunni, en til vara, að krafan verði lækkuð verulega. Vaxtakröfunni var ekki mótmælt.

Þórður Valur Gautason þykir eiga rétt á miskabótum vegna háttsemi ákærða, og þykja miskabætur hæfilega ákvarðaðar 300.000 kr. Þá er ákærði dæmdur til að greiða 30.000 kr. í lögmansþóknun, þ. m. t. virðisaukaskatt, sbr. 4. mgr. 172. gr. laga nr. 19, 1991. Vextir reiknast svo sem greinir í dómsorði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. 80.000 kr. í saksóknarlaun í ríkissjóð, en Guðjón Magnússon, fulltrúi ríkissaksóknara, flutti málið af hálfu ákæruvaldsins, og 160.000 kr. í réttargæslu- og málsvarnarlaun til Símonar Ólasonar hdl.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Gunnlaugur Þór Briem, sæti fangelsi í fimm ár. Til frádráttar refsivistinni komi óslitið gæsluvarðhald ákærða síðan kl. 15.38 14. maí sl.

Ákærði greiði Þórði Val Gautasyni, kt. 270467-6019, 300.000 kr. auk dráttarvaxta frá 17. ágúst til greiðsludags. Þá greiði ákærði Þórði 30.000 krónur í lögmansþóknun, þ. m. t. virðisaukaskatt.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. 80.000 kr. í saksóknarlaun í ríkissjóð, og 160.000 kr. í réttargæslu- og málsvarnarlaun til Símonar Ólasonar héraðsdómslögmanns.